



## Bæjarstjórn Garðabæjar 10. (869)/2020

Boðað er til 10. (869). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. júní 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2006013F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/6 '20.
2. 2006022F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/6 '20.  
2006182 - Drög að samstarfssamningi Garðabæjar og Klifsins.  
2006237 - Drög að samkomulagi UNICEF á Íslandi, félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar um framkvæmd verkefnisins "barnvæn sveitarfélög".
3. 2005025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 27/5 '20.
4. 2005045F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 2/6 '20.
5. 2006008F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 5/6 '20.
6. 2003023F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 3/6 '20.
7. 2006012F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 10/6 '20.
8. 2005018F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 19/5 '20.
9. 2006016F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/6 '20.
10. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29/5 '20.
11. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 2/6 '20.
12. 2003017 - Fundargerð 23. eigendafundar Sorpu bs. frá 2/6 '20.
13. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 8/6 '20.
14. 2006286 - Tillaga Garðabæjarlistans um þátttöku á Hinsegin dögum í Garðabæ.
15. 2006287 - Tillaga um að Garðabær geri kostnaðaráætlun við að koma upp kynlausum klefum í sundlaugum bæjarins.
16. 2006025 - Kosning eins varafulltrúa í skólanefnd.
17. 2001001 - Tillaga um að veita bæjarráði umboð til að gera leiðréttingar á kjörskrá.
18. 2006157 - Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2020.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**9. (868). fundur 2020**

Fimmtudaginn 4. júní 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 7. maí 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2005133 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.**

Tillaga kom fram um Sigurð Guðmundsson og Ingvar Arnarson í embætti forseta bæjarstjórnar til eins árs. Átta bæjarfulltrúar (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) greiddu Sigurði atkvæði og þrjár bæjarfulltrúar (SDS,IA,HÞ) greiddu Ingvari atkvæði.

Sigurður Guðmundsson, telst því rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs.

Sigurður Guðmundsson þakkaði bæjarfulltrúum traustið.

Tillaga kom fram um Björgu Fenger og Ingvar Arnarson sem fyrsta varaforseta til eins árs. Átta bæjarfulltrúar (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) greiddu Björgu atkvæði og þrjár bæjarfulltrúar (SDS,IA,HÞ) greiddu Ingvari atkvæði.

Björg Fenger, telst því rétt kjörin fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.

Tillaga kom fram um Almar Guðmundsson, sem 2. varaforseta til eins árs. Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE). Þrjár sitja hjá (SDS,IA,HÞ).

**2. 2005132 - Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð til eins árs.**

Tillaga kom fram um eftirfarandi fulltrúa til setu í bæjarráði til eins árs:

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, varaformaður, Björg Fenger, Almar Guðmundsson, Ingvar Arnarson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**3. 2005136 - Kosning eins aðalmanns og varamanns í stjórn Strætó bs.**

Tillaga kom fram um Gunnar Val Gíslason, sem aðalmann og Björgu Fenger sem varamann í stjórn Strætó bs. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **4. 2005135 - Kosning eins aðalmanns og varamanns í stjórn Sorpu bs.**

Fram kom tillaga um Jónu Sæmundsdóttur og Söru Dögg Svanhildardóttur sem aðalmanng í stjórn Sorpu bs. Átta bæjarfulltrúar (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) greiddu Jónu atkvæði og þrjár bæjarfulltrúar (SDS,IA,HÞ) greiddu Söru Dögg atkvæði.

Jóna Sæmundsdóttir, telst því rétt kjörin aðalmaður í stjórn Sorpu bs.

Fram kom tillaga um Sigríði Huldu Jónsdóttur, sem varafultrúa í stjórn Sorpu bs. Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE). Þrjár sitja hjá (SDS,IA,HÞ).

#### **5. 2005134 - Kosning fulltrúa í kjörstjórn Garðabæjar.**

Fram kom tillaga um Soffiu Eyðisi Björgvinsdóttur, sem aðalmanng í kjörstjórn í stað Þóru Margrétar Hjaltested, sem beðist hefur lausnar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **6. 2005340 - Kosning fulltrúa í undirkjörstjórnir.**

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi aðila í undirkjörstjórn vegna kjörs forseta Íslands laugardaginn 27. júní nk.

Anna Lena Halldórsdóttir, Hallakri 2b, Anna Kristmundsdóttir Asparholti 1, Anna Margrét Halldórsdóttir, Kríunesi 14, Anna R. Möller, Strandvegi 12, Auður Björgvinsdóttir, Hrísmóum 9, Ásgeir Örn Sigurpálsson, Skógarhæð 6, Brynhildur Þórðardóttir, Vinastræti 12, Dóra Viðarsdóttir, Seinakri 1, Dóra Þórisdóttir, Espilundi 10, Dröfn Ágústsdóttir, Lyngmóum 7, Elena Einisdóttir, Hraunhólum 11, Elín Guðný Gunnarsdóttir, Norðurbrú 6, Fanney Óskarsdóttir, Steinási 4, Guðfinna Dröfn Aradóttir, Hólmatúni 8, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Strandvegur 10, Guðríður Eyvindardóttir, Hólmatúni 43, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, Lindarflöt 50, Gunnhildur Eva Arnoddsóttir, Hagaföt 4, Gunnsteinn Geirsson, Hagaföt 4, Gylfi Bragi Guðlaugsson, Holtsvegi 8, Halla Þórisdóttir, Heiðarlundi 21, Haukur Steinn Helgason, Engimýri 6, Helga G. Sigurðardóttir, Bæjargili 29, Helga Sif Helgadóttir, Holtsvegi 8, Herðis Jónsdóttir, Hæðarbyggð 5, Herðis Sigurbergisdóttir, Línakri 3, Hildur Katla Guðmundsdóttir, Vesturtúni 18, Hilmar Kristjánsson, Kjarrmóum 10, Hjörðis Jóna Gísladóttir, Hólmatúni 31, Íris Rut Erlingsdóttir, Furuási 2, Íris Rut Sigurbergisdóttir, Móaföt 7, Katrín Halldórsdóttir, Einilundi 7, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Birkiholdi 6, Kolbrún Sigmundsdóttir, Hofakri 3, Kristín Einarsdóttir, Holtsvegi 23-25, Kristín Rós Björnsdóttir, Sjávargötu 22, Margrét Sæmundsdóttir, Brekkubbyggð 33, Ragnheiður Stephensen, Löngumýri 57, Ríkey Jóna Eiríksdóttir, Hrísmóum 6, Sara Þrastardóttir, Smáraflöt 39, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Bæjargili 126, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Löngulínu 19, Sigríður Rósa Magnúsdóttir, Arnarási 9, Sigrún Helga Pétursdóttir, Löngumýri 59, Skarphéðinn Jónsson, Strandvegi 10, Svandís Ríkharrðsdóttir, Móaföt 49, Sæunn Eiríksdóttir, Strandvegi 26, Vala Dröfn Hauksdóttir, Móaföt 37, Þorgerður Kristinsdóttir, Vesturtúni 42.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi aðila í hverfiskjörstjórn Álftaness vegna kjörs forseta Íslands laugardaginn 27. júní nk.

Lúðvík Hjalti Jónsson, Lindarflöt 50, Guðrún Jónsdóttir, Hrísmóum 5, Andrés Sigurðsson, Hólmatúni 31.

#### **7. 2006025 - Kosning fulltrúa í fastanefndir.**

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi breytingar á skipun fastanefnda:

Harpa Þorsteinsdóttir tekur sæti aðalfulltrúa í fjölskylduráði í stað Guðfinnu Eyrúnar Ingjaldsdóttur.

Árni Björn Kristjánsson, tekur sæti varafulltrúa í fjölskylduráði í stað Hörpu Þorsteinsdóttur, sem verður aðalfulltrúi.

Guðjón Pétur Lýðsson tekur sæti aðalfulltrúa í íþróttá- og tómstundaráði í stað Hannesar Inga Geirssonar.

Hannes Ingi Geirsson, tekur sæti varafulltrúa í íþróttá- og tómstundaráði í stað Hörpu Þorsteinsdóttur.

Ingvar Arnarson, tekur sæti varafulltrúa í skipulagsnefnd í stað Gunnars Hólmsteins Ársælssonar.

Valborg Ösp Á Warén tekur sæti varafulltrúa í menningar- og safnanefnd í stað Söru Daggar Svanhildardóttur.

Emil Harðarson, tekur sæti varafulltrúa í skólanefnd í stað Valborgar Aspar Á Warén.

#### **8. 2005010F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/5 '20.**

Ingvar Arnarsson, ræddi 8. tl., erindi Myndstefs varðandi meint brot á sæmdarrétti höfundar, 10. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla og 12. tl., tillögu Garðabæjarlistans um verklagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk.

Gunnar Einarsson, ræddi 8. tl., erindi Myndstefs varðandi meint brot á sæmdarrétti höfundar.

Fundargerðin sem er 12 tl. er samþykkt samhljóða.

#### **9. 2005020F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/5 '20.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu starfshóps um stafræna framþróun og þjónustu Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., kynningu starfshóps um stafræna framþróun og þjónustu Garðabæjar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., bréf Strætó bs. varðandi drög að nýrri gjaldskrárstefnu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 1. tl., kynningu starfshóps um stafræna framþróun og þjónustu Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 17. tl., bréf Brynju hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag og 18. tl., stefnu Magna lögmannna varðandi kröfu um bætur vegna tjóns af völdum galla í fasteign.

Almar Guðmundsson, ræddi 17. tl., bréf Brynju hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag og 18. tl., stefnu Magna lögmannna varðandi kröfu um bætur vegna tjóns af völdum galla í fasteign.

#### *Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á mb. Leifi RE220 414. (Mál nr. 2005197)

Fundargerðin sem er 18 tl. er samþykkt samhljóða.

#### **10. 2005030F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/5 '20.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., minnisblað SSH um greiðslur til sjálfstætt starfandi skóla.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., minnisblað SSH um greiðslur til sjálfstætt starfandi skóla.

Fundargerðin sem er 13 tl. er samþykkt samhljóða.

#### 11. 2005043F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/6 '20.

Björg Fengler, ræddi 20. tl., afgreiðslu íþrótt- og tómstundaráðs varðandi tillögu um ráðstöfun 19. júní sjóðs.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. – 17. tl. afgreiðslur mála skipulagsnefndar og hrósaði skipulagsnefnd fyrir góð störf við útfærslu skipulagsáætlana.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. – 17. tl. afgreiðslur mála skipulagsnefndar og gerði nánari grein fyrir einstaka málum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 20. tl., afgreiðslu íþrótt- og tómstundaráðs varðandi tillögu um ráðstöfun 19. júní sjóðs. Áslaug Hulda spurði um skipulag hátíðarhalda á 17. júní. Þá ræddi Áslaug Hulda 19. tl., ársskýrslu Hönnunarsafns Íslands.

Gunnar Einarsson, ræddi skipulag hátíðarhalda á 17. júní og sagði frá hugmyndum sem ræddar hafa verið meðal sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., viðauka 1-4 við fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., viðauka 1-4 við fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020. Gunnar upplýsti um fjölda umsókna um sumarstörf sem eru rúmlega 600 og þá eru umsóknir í vinnuskólann einnig rúmlega 600.

#### Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 1-4 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

#### Viðauki 1.

Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.800 mkr.

Lagt er til að lántökuheimild ársins hækki um 375 mkr og verði 2.175 mkr.

#### Viðauki 2.

Fjölskyldusvið

Fjárhagsaðstoð	26.000.000	02110-9112
Sérstök niðurgreiðsla húsaleigu	12.000.000	02180-9179
Lengd viðvera fatlaðra ungmenna	18.350.000	02582-4990
Stoðþjónusta (frekari liðveisla)	80.300.000	02530-4382
Sambýli viðbótarkostnaður	14.000.000	ýmsir lykjar
Kostnaðarauki vegna kaupa á Covid vörum	1.000.000	ýmsir lykjar
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	-5.000.000	02590-4118
Félagsleg heimaþjónusta	-5.000.000	02150-4990
Afsláttur fasteignagjalda eldri borgara	-18.000.000	02415-9916
Jónshús - áhrif lokunar	-2.000.000	ýmsir lykjar
Samtals kostnaðarauki félagsþjónusta	121.650.000	

Kostnaðarauka skal mætt með sölu á lóðum -121.650.000 31400-0397

#### Viðauki 3.

Á fundi bæjarráðs þann 5. maí 2020 var samþykkt að ráða öll ungmenni í sumarvinnu og var umsóknarfrestur til 31. maí 2020.

Atvinnuáttak ungs fólks laun 166.000.000 11330-

Efni	10.000.000	11330-
Endurgreiðsla frá ríki	-58.100.000	11340-
Launakostnaður	74.350.000	11340-
Efni	5.000.000	11340-
Samtals viðbótarkostnaður	197.250.000	

Kostnaðarauka skal mætt með sölu á lóðum	-154.350.000
Lækkun á rekstrarafgangi	42.900.000

#### Viðauki 4.

Breyting á fjárfestingaáætlun	
Samveitur	100.000.000
Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk	100.000.000
Bæjargarður - útivistarstígur	-50.000.000
Garðatorg	-100.000.000
Minjagarður við Hofstaði	-50.000.000

Kostnaðarauka skal mætt með sölu á lóðum	-154.350.000
Lækkun á rekstrarafgangi	42.900.000

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að taka tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar við auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Vífilsstaðalands. (Mál nr. 1804367)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar. Auglýstur frestur til athugasemda skal vera til 31. ágúst 2020. (Mál nr. 1910293)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts. Auglýstur frestur til athugasemda skal vera til 31. ágúst 2020. (Mál nr. 1906192)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal. Auglýstur frestur til athugasemda skal vera til 31. ágúst 2020. (Mál nr. 1910294)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna stækkunar byggingarreits fyrir byggingu útigeyslu á lóðinni við Haukanes 15. Tillagan var grenndarkynnt og var gerð athugasemd við fjölgun bílastæða innan lóðar og er ekki fallist á fjölgun bílastæða innan lóðar umfram það sem nú er. (Mál nr. 1710301)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi á lóð við Lyngmóa 3 sem gerir ráð fyrir sérnotareitum á lóð og aðgengi frá íbúðum á neðstu hæð að þeim, verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. (Mál nr. 2003086)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2020 vegna svæðis á norðurnesi Álftaness fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins. (Mál nr. 1903374)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir Norðurnes Álftaness fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti. (Mál nr. 1803108)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt heiti, Þórsgrund, á götu á Grundum. (Mál nr. 2005345)

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi fyrir lagningu rafstrengs og vatnsveitu í reiðleið frá Kjóavöllum að útilífsmiðstöð skáta í Heiðmörk. (Mál nr. 2005346)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um uppsetningu á ljósaskjá á lóðinni við Litlatún 1, enda í andstöðu við skilmála gildandi deiliskipulags um skilti og merkingar. (Mál nr. 2005047)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna byggingar þakkvista á hesthúsið við Fluguvelli 4. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust engar athugasemdir. (Mál nr. 2003254)

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi tillögu íþróttá- og tómstundaráðs um niðurlagningu 19. júní sjóðs og ráðstöfun sjóðsinneignar. (Mál nr. 2005165)

„Lagt er til að 19. júní sjóður verði lagður niður og allt fé sjóðsins, sem nam í árslok 2019 kr. 24.895.251, renni til bæjarsjóðs. Samhliða því er tillaga um að kr. 4.000.000 verði úthlutað bæði á árinu 2020 og 2021 til að efla og styrkja íþróttir og líkams- og heilsurækt kvenna. Frá árinu 2022 verði svo kr. 2.000.000 úthlutað á ári til sama málefnis þar til fjármunum sjóðsins er að fullu úthlutað.“

Bæjarstjórn samþykkir viðauka við samning við Mótás Garðabæ ehf. um uppbyggingu byggðar við Eskiás þar sem gert er ráð fyrir samruna lóða og greiðslu Mótáss Garðabæjar ehf. á byggingarréttargjaldi fyrir lóðirnar við Eskiás 7 og 8. (Mál nr. 1908023)

## **12. 2005009F - Fundargerð leikskólanefndar frá 27/5 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

## **13. 2005013F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 14/5 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., val á bæjarlistamanni Garðabæjar, 4. tl., menningaruppskeruhátíð og 5. tl. menningarviðburði sumarið 2020.

Fundargerðin lögð fram.

## **14. 2005019F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 19/5 '20.**

Björg Fenger, ræddi 3. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar, 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019, 5. og 6. tl., áhrif Covid á starfsemi íþróttafélaga og 7. tl., áhrif Covid19 á starfsemi íþróttahúsanna

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 5. og 6. tl., áhrif Covid19 á starfsemi íþróttafélaga og 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019.

Ingvar Arnarson, ræddi samantekt um hvatapeninga 2019.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019.

Björg Fenger, ræddi að nýju 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019.

Harpa Þorsteinsdóttir, 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., samantekt um hvatapeninga 2019.

Fundargerðin lögð fram.

#### **15. 2005007F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 12/5 '20.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., áhrif Covid19 á starf grunnskólanna í Garðabæ, 2. tl., þróunarsjóð grunnskóla., 3.tl. ráðningar í stöður skólastjóra Garðaskóla, Sjálandsskóla, Flataskóla og ráðningu í starf grunnskólafulltrúa. Sigríður Hulda þakkaði þeim sem eru nú frá að hverfa fyrir þeirra góðu störf fyrir bæjarfélagið og bauð nýtt fólk velkomið til starfa.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., áhrif Covid19 á starf grunnskólanna í Garðabæ.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., þróunarsjóð grunnskóla.

Fundargerðin lögð fram.

#### **16. 2005038F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 28/5 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **17. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/5 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **18. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 18/5 '20.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu framkvæmdastjóra og yfirlit fjármála, 2. tl., kvartanir frá Mosfellsbæ vegna lyktarmengunar, 3. tl. svæðisáætlanir, 4. tl., fjárhagslega endurskipulagningu, 5. tl. stöðu hagræðingaaðgerða og 7. tl., vígslu gas- og jarðgerðarstöðvar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi almennt um flokkun sorps og hagræna hvata því samhliða.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., fjárhagslega endurskipulagningu og spurði hvort hugsanlega komi til hækkunar á framlögum sveitarfélaganna.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 4. tl., fjárhagslega endurskipulagningu og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin lögð fram.

#### **19. 2001425 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 30/4 og 8/5 '20.**

Björg Fenger, ræddi 1. tl. fg. 8/5, stöðumat vegna áhrifa Covid19, 2. tl. fg. 8/5, árshlutauppgjör, 3. tl., greiðslukerfið, 4. tl. fg. 8/5, eigendastefnu Strætó og 7. tl. fg. 8/5, gjaldskrárstefnu Strætó.

Fundargerðin lögð fram.



**20. 2003480 - Fundargerð 23. eigendafundar Strætó bs. frá 25/5 '20.5.**

Fundargerðin lögð fram.

**21. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 27/4, 4/5 og 18/5 '20.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

**22. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 8/5 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**23. 1907114 - Gjaldskrá fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ.**

Sara Dögg Svanhildardóttir tók til máls og lýsti ánægju með framkomna gjaldskrá.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá fyrir akstursþjónustu eldri borgara.

**24. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Lántaka.**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 600.000.000. Um er að ræða verðtryggt lán með 1,5% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára og án heimildar til uppgreiðslu.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 600.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánsamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórnin hefur kynnt sér. Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til byggingar grunnskóla í Urriðaholti, viðbyggingar við grunnskóla á Álftanesi og byggingar fjölnota íþróttahúss sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

"Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku að fjárhæð kr. 600.000.000 samkvæmt heimild í samþyktri fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2020.

**25. 2006021 - Tillaga Garðabæjarlistans um bætt öryggi fyrir gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarendur.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að fela tækni- og umhverfissviði að fara í úrbætur á fjölförnustu leiðum sveitarfélagsins til að auka öryggi gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarenda. Útivist á göngu- og hjólastígum er í aukningu sem er jákvæð þróun sem ber að styðja.“

Greinargerð

Að tryggja umferðaröryggi gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarenda er sennilega aldrei mikilvægara en nú. Að undanfögnu hefur sala reiðhjóla sem og rafhlaupahjóla stóruaukist. Enn fleiri nýta hjólréiðar sem sinn aðal samgöngumáta. Því þyngist álag á göngu- og hjólréiðastígum sem og vegum almennt. Því er

mikilvægt að tryggja fyllsta öryggis, ganga úr skugga um að merkingar séu á stígum með áberandi hætti og aðgreina stíga eins og kostur er.

Garðabæjarlistinn leggur til að í almennum framkvæmdum á stígum verði sett í forgang að tryggja öryggi í undirgöngum undir Hafnarfjarðarvegi með uppsetningu spegla. Þessi leið er með einn þingsta álagspunkt þar sem hjólréiða, hlaupa- og göngufólk fer um.

Leiðir eins og hin svo kallaða flóttamannaleið er fjölfarin hjólréiðaleið en þarfnast mikillar lagfæringar til að standa undir öryggi þeirra sem þar fara um.

Farið verði í viðgerðir á Elliðavatnsvegi. Annars vegar flóttamannaleiðin sem tilheyrir Garðabæ og hins vegar Vatnsendavegi

Hér er um vinsælar og fjölfarnar leiðir sem hjólréiðafólk nýtir sér. Vegurinn er illa farinn þar sem hann er mjög holóttur, hæðóttur og með sprungum á köflum sem eykur hættu á slysum til muna.

Eins og okkur er öllum kunnugt um þá hafa Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í samstarfi við Vegagerðina skilgreint lykilleiðir hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu. Lykilleiðirnar sem einnig eru kallaðar stofnleiðir, aðalleiðir eða hraðleiðir hafa það markmið að fjölga hjólréiðafólki og bæta þjónustu við hjólréiðafólk með sópun á sumrin og snjómokstri og hálkuvörn að vetri til. Lykilleiðir hjólréiða eru táknaðar með litum og eru merktar með hjólavegvísingum til að hjálpa hjólréiðafólki, íbúum og gestum að velja góða stíga á ferð sinni um höfuðborgina (Reykjavíkurborg, 2018a).

Vakin er sérstök athygli á því að Elliðavatnsvegur er stofnstígur samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar og á að vera malbikaður og grænn stígur þ.e. samfelldur göngu- og hjólastígur sem liggur eftir græna treflinum sem tengir öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu saman.

Ennfremur leggjum við til að umferðaröryggi gangandi og hjólandi verði bætt yfir gatnamótin við Urriðaholt og yfir Reykjanesbrautina þar fara börn og ungmenni daglega um til að sækja m.a. æfingar og aðra ástundun og eykst umferð barna og ungmenna sérstaklega yfir sumartímann.

Sigurður Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu. Sigurður lagði til að tillögunni verði hafnað og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Verkfræðistofunni Eflu hefur verið falið það verkefni að leggja fram umferðaröryggisáætlun fyrir vegfarendur í Garðabæ þar sem fram kemur ástand vegleiða, framkvæmdarplan og forgangsröðun. Þetta á fulltrúum minnihlutans að vera kunnugt um samanber kynningu í skipulagsnefnd 12. desember sl. Jafnframt er samvinna við Vegagerðina um stofnstígaframkvæmdir með stoð í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var á síðastliðnu ári.

Í tillögu minnihlutans er lagt til að tækni- og umhverfissviði verði falið að fara í úrbætur á fjölförnustu leiðum samfélagsins. Þessi tillaga er úr öllu samhengi við það plan sem unnið er eftir og á sér stoð í fjárhagsáætlun árið 2020. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 er jafnframt gerð þriggja ára áætlun sem mun þá m.a. byggjast á framangreindri öryggisáætlun og samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.“

Tillagan er felld með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,HÞ).

## **26. 2006022 - Tillaga Garðabæjarlistans um endurskoðun fjölda fastanefnda, annarra nefnda, stjórna og ráða sem bærinn á aðild að.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóð og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að taka til endurskoðunar fjölda fastanefnda, annarra nefnda, stjórna og ráða sem skipaðar eru af bæjarstjórn. Skipaður verði starfshópur með sviðsstjórum og fulltrúum minni- og meirihluta. Starfshópnum er falið að skila af sér endurmati og niðurstöðu í desember 2020. Nefndin starfi frá 1. ágúst - 31. nóvember 2020.“

### **Greinargerð**

Við í Garðabæjarlistanum tölum fyrir gangsaerri og skilvirkari í stjórnsýslu með það að markmiði að einfalda alla stjórnsýslu eins og kostur er en ekki síður til þess að styrkja vinnu nefnda og ráða. Endurskoðun þessi er til þess fallin að rýna samræmingarmöguleika þvert á málaflökka og sviða stjórnsýslunnar. En ein af tillögum úttekta Haraldar var meðal annars að rýna samvinnu þvert á svið í ákveðnum málaflökum líkt og innan fjölskyldu og fræðsluviðs.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu. Áslaug Hulda lagði til að tillögunni verði hafnað og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Í upphafi núverandi kjörtímabils voru gerðar breytingar á nefndarskipan Garðabæjar þar sem nefndum var fækkað, verkefni forvarnarnefndar voru færð til íþrótt- og tómstundaráðs og fjölskylduráðs. Nefnd um málefni eldri borgara var jafnframt lögð niður og verkefni hennar færð yfir til fjölskylduráðs, íþrótt- og tómstundaráðs og öldungaráðs sem er nýtt ráð stofnað samkvæmt lögum. Þá var samráðshópur um málefni fatlaðs fólks stofnaður í upphafi kjörtímabils, einnig samkvæmt lögum.

Á árinu 2019 vann Haraldur L. Haraldsson, hagfræðingur úttekt á stjórnslu Garðabæjar með það að markmiði að koma fram með tillögum að aukinni skilvirkni og hagræðingu í stjórnslu Garðabæjar. Unnið er eftir þessum tillögum og margar þeirra eru nú þegar komnar í framkvæmd. Í ljósi þess að einungis tvö ár eru síðan nefndarskipan var breytt og unnið er að frekar breytingum sem lagðar voru til í skýrslu Haraldar á síðasta ári, hafnar meirihluti bæjarstjórnar þessari tillögu Garðabæjarlistans enda er hún í raun samantekt á verkefnum sem nú þegar eru komin í farveg“.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, ræddi framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu.

Tillagan er felld með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,HP).

## **27. 2006024 - Tillaga um hækkun hvatapeninga.**

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að hækka hvatapeninga úr 50.000 í 90.000 á barn, á aldrinum 5-18 ára.

Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir 132 milljónum í hvatapeninga og má því gera ráð fyrir að sú tala yrði 235 milljónir fyrir árið 2021.“

Greinagerð

Kostnaður við þátttöku barna í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Á þessum tímum þar sem tekjur heimila hafa að jafnaði lækkað er líklegt að börn dragi úr þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi er mikilvægt að Garðabær standi við bakið á barnafjölskyldum með hækkun hvatapeninga. Mikilvægt er að koma til móts við barnafjölskyldur og gefa börnum kost á að stunda íþrótt- og æskulýðsstarf og hvetja þau til þátttöku.

Einnig er mikilvægt að tryggja að rekstur þeirra félaga sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf verði áfram trygg og með hækkun hvatapeninga er líklegar að börn og ungmenni í Garðabæ muni nota þá þjónustu sem þessi félög eru að bjóða upp á og þannig er Garðabær að styðja en frekar við rekstur þeirra félaga.

Björg Fengler, ræddi framkomna tillögu og lagði til að tillögunni verði vísað til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Björg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Rétt er að geta þess að hvatapeningar hafa hækkað frá árinu 2012 úr kr. 25.000 í kr. 50.000 eða sem nemur kr. 20.000 umfram vísitölu. Þá greiðir Garðabær öllum börnum og unglingum á aldrinum 5-18 ára hvatapeninga sem samsvarar greiðslum í 14 ár með hverju barni. Ekkert annað sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu greiðir hvatapeninga yfir lengra tímabil en gert er hér í Garðabæ. Jafnframt má benda á að í samanburði við nágrannasveitarfélögin er Garðabær að greiða eina af hæstu fjárhæð með hverju barni en einungis eitt sveitarfélag greiðir hærri fjárhæð en mismunurinn er aðeins kr. 4.000. Á fundi ÍTG 19. maí sl. var lögð fram ítarleg tölfræði með hvaða hætti hvatapeningar í Garðabæ hafa verið nýttir sl. 6 ár.

Á fundi bæjarstjórnar 7. maí sl. var samþykkt tillaga þess efnis að hópur sérfræðinga tæki saman upplýsingar um stöðu einstaklinga og fjölskyldna til að undirbyggja undir frekari aðgerðir til stuðnings þeim sem mest þurfa á að halda. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér niðurstöðum í sumarlok.

Á sama tíma og tekjutap og kostnaðarauki hjá Garðabæ á sér stað vegna áhrifa Covid19 skýtur það skökku við að Garðabæjarlistinn leggja til 100 milljóna kr. viðbótarútgjöld án tillögu um með hvaða hætti þeim kostnaði skuli mætt og áður en framangreind greining hefur átt sér stað.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til nánar skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 4. júní 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**22. (1930). fundur 2020**

Þriðjudaginn 9. júní 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1909264 - Brekkubýggð 4 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurði Guðmundssyni, kt. 200370-3419, leyfi til að byggja við núverandi hús að Brekkubýggð 4.
- 2. 2005260 - Suðurhraun 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Regin atvinnuhúsnæði ehf., kt. 521009-1010, leyfi að rífa hluta atvinnuhúsnæðis að Suðurhrauni 1.
- 3. 2003434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi yfirlit yfir staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu og stöðvunarskyldu.**  
Bæjarráð samþykkir að tækni- og umhverfisvið leiti umsagnar og samþykki lögreglu samkvæmt 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 á staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu og stöðvunarskyldu í samræmi við framlögð gögn.
- 4. 2006094 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna heimilda fyrir sérstök búsetuúrræði, dags. 04.06.2020, dags. 04.06.20.**  
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 5. 2006093 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna smábátahafnar Snarfara, dags. 04.06.20.**  
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 6. 2006092 - Tilkynning Reykjavíkurborgar varðandi tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi skilgreiningar nýrra reita fyrir íbúðarbyggð, dags. 04.06.20.**  
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 7. 2006091 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi breytta landnotkun og fjölgun íbúða í Skerjafirði, dags. 04.06.20.**  
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

8. **2001001 - Tillaga kjörstjórnar um kjörstað vegna forsetakosninga.**  
Bæjarráð samþykkir samkvæmt 68. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, tillögu kjörstjórnar um að kjörstaðir vegna forsetakosninga sem fram eiga að fara laugardaginn 27. júní nk. verði í hátíðarsal Álfstanesskóla og íþróttahúsinu Mýrinni.
9. **2006013 - Bréf Urriðaholts varðandi óbyggðar lóðir í Urriðaholti, dags. 27.05.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.
10. **2006039 - Erindi Tuff Ísland varðandi alþjóðlega hreyfingu sem kallast #kind20, dags. 01.06.20.**  
Lagt fram.
11. **2006110 - Tillaga skólanefndar grunnskóla um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla.**  
Lögð fram afgreiðsla skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla 2020. Alls bárust 29 umsóknir. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði kr 12.031.000 til 14 verkefna. Gert var ráð fyrir að úthluta 28.000.000 en vegna áhrifa Covid19 verður nú úthlutað 12,0 mkr af þeirri fjárhæð. Ef aðstæður leyfa mun koma til skoðunar að úthluta eftirstöðvum 16,0 mkr haustið 2020. Bæjarráð staðfestir tillögu skólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð grunnskóla.
12. **1808350 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna vaxtarmarka á Álfsnesi, dags. 28.05.20**  
Lagt fram.
13. **2003318 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir starfsemi veitingahúss. (Flatey)**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
14. **2001327 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi tillögu að vali á bæjarlistamanni Garðabæjar 2020.**  
Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um tilnefningu á bæjarlistamanni Garðabæjar árið 2020. Tilnefningin verður tilkynnt á menningaruppskeruhátíð þriðjudaginn 16. júní nk. kl. 17:30 í Sveinatungu.
15. **2006079 - Drög að dagskrá hátíðarhalda 17. júní 2020.**  
Drög að dagskrá hátíðarhalda 17. júní lögð fram og kynnt.
16. **1808087 - Staða framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 9. júní 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.



**Bæjarráð Garðabæjar**  
**23. (1931). fundur 2020**

Þriðjudaginn 16. júní 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1908136 - Hörgslundur 5 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Dóru Margréti Bjarnadóttur, kt. 200856-5979, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Hörgslundi 5.

**2. 1912336 - Hraungata 16 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hrafnhildi Hjartardóttur, kt. 110381-5499, leyfi til að byggja einbýlishús að Hraungötu 16.

**3. 2006151 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kæru á ákvörðun bæjarstjórnar varðandi deiliskipulag fyrir Lundahverfi, dags. 08.06.20.**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

**4. 2006210 - Tilkynning kærunefndar útboðsmála um kæru varðandi val á tilboði í örútbóði vegna kaupa á húsgögnum fyrir Álftanesskóla, dags. 10.06.20.**

Bæjarráð samþykkir að fela Ríkiskaupum að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

**5. 2006182 - Drög að samstarfssamningi Garðabæjar og Klifsins.**

Fram kom ábending um að bæta við ákvæði til að tryggja að mætt sé þörfum barna og ungmenna með fatlanir í samræmi við stefnu bæjarins í málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt að fram komi að starfsemi Klifsins taki mið af ákvæðum í jafnréttisáætlun Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja endurnýjun samstarfssamning við Klifið með ofangreindum viðbótum.

**6. 1912151 - Kynning heilbrigðiseftirlitsins á drögum að viðbragðsáætlun um loftgæði, dags. maí 2020.**

Lögð fram og vísað til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

**7. 2006176 - Bréf Skátanna um samstarf og stuðning við rekstur útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfjótsvatni, dags. 03.06.20.**

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

- 8. 2006233 - Bréf Klúbbsins Geysis um styrk, dags 09.06.20.**  
Bæjarráð samþykkir að veita Klúbbum Geysi styrk að fjárhæð kr. 100.000.
- 9. 2006232 - Bréf umboðsmanns Alþingis varðandi upplýsingar um eineltisáætlanir skóla, dags. 09.06.20.**  
Bæjarráð felur fræðslu- og menningarsviði að leggja fram umbeðnar upplýsingar.
- 10. 2001001 - Kjörskrá vegna forsetakosninga 27. júní 2020.**  
Bæjarritari lagði fram eintak af kjörskrá fyrir Garðabæ vegna forsetakosninga sem fram eiga að fara 27. júní 2020. Á kjörskrá eru samtals 12.757 kjósendur. Í íþróttahúsinu Mýrinni er fjöldi kjósenda 10.712 og í Álftanesskóla 2.045. Kjósendum hefur fjölgað um 1.527 frá síðustu forsetakosningum 2016 eða um 13,5%. Bæjarráð staðfestir með vísan til 22. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. lög um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 kjörskrá Garðabæjar til að gilda við forsetakosningar 27. júní 2020. Kjörskráin skal auglýst og liggja frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Garðabæjar í Ráðhúsinu við Garðatorg frá 16. júní til kjördags.
- 11. 1808087 - Staða framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús.
- 12. 2006237 - Drög að samkomulagi UNICEF á Íslandi, félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar um framkvæmd verkefnisins "barnvæn sveitarfélög".**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samkomulagið.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 16. júní 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

## Fjölskylduráð Garðabæjar

### 5. fundur 2020

Miðvikudaginn 27. maí 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir varamaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### 1. 2001383 - Húsnæðisáætlun sveitarfélaga

Tekið er fyrir mál nr. 2001383 húsnæðisáætlun. Bæjarstjóri Garðabæjar situr fundinn undir þessum lið.

Í samræmi við reglugerð 1248/2018 skulu sveitarfélög uppfæra húsnæðisáætlanir sínar árlega. Í bréfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 20. jan. 2020 kemur fram að auk almennrar yfirferðar áætlunarinnar m.t.t. hugsanlegra breytinga þá telji stofnunin þörf á að Garðabær uppfæri eða bæti inn upplýsingum um framboð leiguhúsnæðis og stöðu biðlista eftir leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir fyrirhuguðum áætlunum Garðabæjar í húsnæðismálum á næstu árum og samhengi þeirra við uppbyggingu nýrra hverfa á næstu árum.

Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að fela fjölskyldusviði að taka saman upplýsingar í tengslum við uppfærslu húsnæðisáætlunar Garðabæjar.

#### 2. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Tekið er fyrir mál nr. 1906094 innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna. Svanhildur Þengilsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu situr fundinn undir þessum lið. Tillaga starfshóps um val á yfirmarkmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna fyrir Garðabæ lögð fram og kynnt. Tillagan var lögð fram í bæjarráði Garðabæjar til kynningar í byrjun mars sem samþykkti að unnið yrði áfram með þau verkefni sem starfshópurinn valdi og vísaði tillögunni til umfjöllunar í fjölskylduráði og öðrum fastanefndum bæjarstjórnar. Svanhildur Þengilsdóttir greindi stuttlega frá vinnu starfshópsins.

Fjölskylduráð lýsir ánægju sinni með þau markmið samþykkt hefur verið að vinna áfram með og þakkar starfshópnum fyrir vinnuna. Markmiðin verða rauður þráður í vinnu fjölskylduráðs og fjölskyldusviðs á næstu mánuðum.

#### 3. 2002291 - Staða biðlista í félagslegu leiguhúsnæði

Tekið er fyrir mál nr. 2002291 staða biðlista í félagslegu leiguhúsnæði.

Sviðsstjóri leggur fram samantekt um stöðu biðlista í félagslegu leiguhúsnæði dags. 17.3. 2020. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að samantekt um stöðu biðlista verði lögð fram tvisvar á ári næst í sept. 2020.

#### 4. 2004135 - Tilyning frá heilbrigðisráðuneytinu um aðgerðaáætlun í þjónustu við fólk með

**heilabilun, dags. 08.04.2020.**

Tekið er fyrir mál nr. 2004135 Tilkyning frá heilbrigðisráðuneytinu um aðgerðaráætlun í þjónustu við fólk með heilabilun dags. 8.4. 2020.

Aðgerðaráætlun er lögð fram og rædd.

**5. 2004252 - Tillögur að endurhæfingarstefnu kynntar og birtar í samráðsgátt**

Tekið er fyrir mál nr. 2004252 tillögur Heilbrigðisráðuneytis að endurhæfingarstefnu.

Lagt fram og rætt.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**  
**22. fundur 2020**

Þriðjudaginn 2. júní 2020 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Formaður bauð Ólöfu Breiðfjörð nýjan menningarfulltrúa Garðabæjar velkomna til starfa.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1911213 - Umsókn um styrk vegna viðburða á árinu 2020**

Áframhaldandi umræða um erindi Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla um styrk vegna starfsemi félagsins á árinu 2020.

Menningarfulltrúi/upplýsingastjóri greindi frá samtali við formann FÁUSB um fyrirhugað starf félagsins á árinu.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð 250 þús fyrir árlegan fræðslufund félagsins og til að fullgera vef. Jafnframt er óskað eftir því að félagið sendi til menningarfulltrúa starfsskýrslu félagsins fyrir síðasta ár.

**2. 2001326 - Hvatningarsjóður ungra listamanna 2020**

Umræðu haldið áfram frá síðasta fundi um umsóknir í Hvatningarsjóð ungra listamanna.

Samþykkt var að veita eftirtöldum aðilum styrk úr Hvatningarsjóði ungra listamanna 2020:

Einstaklingar:

Daníela Ehmán, tónlistarverkefni, 50 000 kr

Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir, tónlistarverkefni, 50 000 kr

Magnús Stephensen, tónlistarverkefni, 75 000 kr

Hópar:

Helga Sigríður E. Kolbeins, Anna Katrín Hálfðanardóttir, tónlistarverkefni, 150 000 kr

Alexandra Rós Norðkvist, Salóme Sól Norðkvist, tónlistarverkefni, 50 000 kr

Bryndís Ásta Magnúsdóttir, Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir og Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir, tónlistarverkefni, 150 000 kr

Askur Hrafn Hannesson, Hákon Hjartarson, kvikmyndalist, 100 000 kr

Samtals er úthlutun úr hvatningarsjóði ungra listamanna 625 000 kr.

Viðurkenningar fyrir úthlutun úr Hvatningarsjóði ungra listamanna verða afhentar á menningaruppskeruhátíð Garðabæjar í júní.

Hannes Ingi Geirsson vék af fundi undir þessum lið.

**3. 2001327 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2020**

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að leggja til við bæjarráð Garðabæjar að einn listamaður verði útnefndur bæjarlistamaður Garðabæjar 2020.

Nefndin leggur til að útnefningin á bæjarlistamanni Garðabæjar verði tilkynnt með formlegum

hætti á menningaruppskeruhátíð Garðabæjar 16. júní nk. og fer þess jafnframt á leit við þá sem að málinu koma að nafni viðkomandi listamanns verði haldið leyndu þangað til.

**4. 2005169 - Heiðursviðurkenning vegna menningarmála 2020**

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Umræður voru um heiðursviðurkenningar fyrir framlag til menningar og lista og ákvörðun tekin þar um. Tilkynnt verður um viðurkenningu fyrir merkt framlag til menningar og lista á menningaruppskeruhátíðinni.

**5. 2001328 - Menningaruppskeruhátíð 2020**

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um dagskrá menningaruppskeruhátíðar sem verður haldin í Sveinatungu á Garðatorgi þriðjudaginn 16. júní nk. kl. 17:30-19.

**6. 2005455 - Ársskýrsla Bókasafns Garðabæjar**

Ársskýrsla Bókasafns Garðabæjar fyrir árið 2019 lögð fram.

**7. 2005421 - Hönnunarsafn Íslands - Ársskýrsla 2019**

Ársskýrsla Hönnunarsafn Íslands fyrir árið 2019 lögð fram.

**8. 1904167 - Leiklistarstarfsemi á Garðatorgi**

Greint var frá starfsemi leiklistarhópsins Senuþjófsins á vegum Trausta Ólafssonar og fyrirhuguðum verkefnum hópsins næsta vetur. Upplýsingastjóra falið að ganga frá áframhaldandi samningi um afnot af sal á Garðatorgi fyrir starfsemi Senuþjófsins veturinn 2020-2021.

**9. 1711209 - Hofstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun**

Formaður greindi frá þeirri ákvörðun bæjarráðs að fresta uppbyggingu í minjagarðinum á Hofsstöðum sem var áætluð skv. fjárhagsáætlun vegna efnahagslegra aðgerða Garðabæjar í tengslum við Covid-19.

**10. 2005166 - Menningarviðburðir- sumar 2020**

Áframhaldandi umræður voru um menningarviðburði í sumar með tilliti til þeirra fjöldatakmarkana sem eru í gildi.

Eiríkur Björn Björgvinsson greindi frá nýjum sumarstörfum fyrir ungmenni sem voru auglýst nýverið.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## **Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar**

### **20. fundur 2020**

Föstudaginn 5. júní 2020 kl. 14:30 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir varamaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri Stjórnunnar mætti í upphafi fundar til að segja frá starfinu og viðbrögðum félagsins í og eftir Covid 19.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### **1. 2006077 - Kvennahlaup ÍSÍ 2020**

Kvennahlaup ÍSÍ fer fram í þritugasta sinn í ár. Að venju verður hlaupið í Garðabæ og hefst það kl. 11:00 laugardaginn 13. júní. Framkvæmdin er í höndum handknattleiksdeildar Stjórnunnar þetta árið. ÍTG fagnar því að kvennahlaup ÍSÍ verði haldið eftir þá óvissu sem verið hefur undanfarið vegna samkomutakmarkana.

#### **2. 2005165 - Ársreikningur 19. júní sjóðs 2019**

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingar sem ÍTG lagði til á 19. júní sjóðnum. Unnið verður að nýjum úthlutunarreglum og í framhaldinu auglýst eftir umsóknum.

#### **3. 2006079 - Dagskrá 17. júní 2020**

Drög að dagskrá kynnt. Vegna fjöldatakmarkana verða engar samkomur auglýstar en Garðabæingar hvattir til að njóta samveru með vinum og fjölskyldu. Opið verður í sundlaugar og söfn.

#### **4. 2006023 - Forvarnavika Garðabæjar 2020**

Forvarnavika Garðabæjar verður haldin 7.-14. október 2020. Unnið er að yfirskrift forvarnavikunnar í samvinnu við ungmennaráð bæjarins. Í dagskrá forvarnavikunnar verður stefnt að því að höfða til allra hópa samfélagsins en áhersla verði á unglinga og ungmenni.

#### **5. 2005447 - Bygging stúku við gervigrasvöll á Álftanesi.**

UMFÁ hefur óskað eftir leyfi til að hefja undirbúning byggingar stúkusæta fyrir 200 manns við gervigrasvöllinn á Álftanesi. ÍTG lítur jákvætt á málið.

#### **6. 2006024 - Tillaga um hækkun hvatapeninga.**

Málið var kynnt og rætt. Bæjarstjórn hefur vísað málinu til umræðu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

Önnur mál:

a) Rætt var um utanvegahlaup og viðburði annarra en félagasamtaka og leyfisveitingar vegna þeirra.



b) Guðjón Pétur Lýðsson mun taka sæti í ÍTG næsta vetur fyrir Garðabæjarlistann í stað Hannesar Inga.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**  
**20. fundur 2020**

Miðvikudaginn 3. júní 2020 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Brynhildur Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Erna Ingibjörg Pálsdóttir fulltrúi skólastjóra, Hafdís Bára Kristmundsdóttir fulltrúi skólastjóra, Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Baldur Freyr Ólafsson fulltrúi foreldra og Elín Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tólistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001390 - Þróunarsjóður grunnskóla Garðabæjar 2020**

Dagskrá fundarins var úthlutun úr þróunarsjóði Garðabæjar 2020. Úthlutun átti að fara fram í mars en vegna Covid-19 var úthlutun frestað. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði úr Þróunarsjóði Garðabæjar krónum 12.031.000.- í samræmi við reglur sjóðsins. Gert var ráð fyrir að úthluta 28.000.000 en vegna Covid-19 verður nú úthlutað 43% af ráðgerðri upphæð. Ef aðstæður leyfa verður 57% úthlutað haustið 2020. Verklag vegna seinni hluta úthlutunar verður þá rætt og ákveðið á fundi skólanefndar haustið 2020. Að þessu sinni bærust 29 umsóknir í sjóðinn sem allar voru teknar til afgreiðslu. Skólanefnd fagnar fjölda áhugaverðra umsókna sem bera vitni metnaðarfullu skólastarfi í Garðabæ. Lögð hefur verið áhersla á að gera verkefnið sýnilegra á vefsíðu bæjarins verið er að leita leiða til að finna lausn á því máli.

**2. 2003210 - Þróunarsjóður grunnskóla - Lestrarlyklarnir**

**3. 2003209 - Þróunarsjóður grunnskóla - Gluggað og grúskað**

**4. 2003208 - Þróunarsjóður grunnskóla - SkólaPEERS í Garðabæ**

**5. 2003207 - Þróunarsjóður grunnskóla - Réttindafræðsla - námsefni**

**6. 2003200 - Þróunarsjóður grunnskóla - 100 orð**

**7. 2003199 - Þróunarsjóður grunnskóla - Út fyrir bókina, má ég snerta? - þróun náttúrugreinakennslu í Flataskóla**

**8. 2003198 - Þróunarsjóður grunnskóla - Morgunhreysti - skipulögð morgunútivera**

**9. 2003191 - Þróunarsjóður grunnskóla - Lesfími á stundaskrá**

**10. 2003190 - Þróunarsjóður grunnskóla - Lesum lipurt um sólina. Lesum lipurt um mánann.**

**11. 2003189 - Þróunarsjóður grunnskóla - Efling hönnunar og forritunar í grunnskólum gegnum Eve3 vélmennið**

12. 2003188 - Þróunarsjóður grunnskóla - Rætt til ritunar
13. 2003187 - Þróunarsjóður grunnskóla - Flotslökun
14. 2003186 - Þróunarsjóður grunnskóla - Verkefnabanki fyrir kennslu í töflureikni (Excel)
15. 2003185 - Þróunarsjóður grunnskóla - Styrkleika þjálfun
16. 2003184 - Þróunarsjóður grunnskóla - Stærðfræði úti og inni - framsæknir kennsluhættir
17. 2003183 - Þróunarsjóður grunnskóla - Hugarró
18. 2003182 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skólafélagsfærni Peers
19. 2003181 - Þróunarsjóður grunnskóla - Innleiðing á hraðlestrarnámskeiðum fyrir nemendur í samstarfi við Hraðlestrarskólann.
20. 2003179 - Þróunarsjóður grunnskóla - Gagnreyndir kennsluhættir í kennslu orðaforða og lesskilnings
21. 2003151 - Þróunarsjóður grunnskóla - Námsumhverfi lesblindra barna - Að efla sjálfstæði lesblindra barna í námi með áherslu á valdeflinu og ígrundaða heildstæða nálgun.
22. 2003141 - Þróunarsjóður grunnskóla - Snúum okkur að íslenskunni - framhald
23. 2003140 - Þróunarsjóður grunnskóla - Leysum málið
24. 2003139 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skólastofan-Instagram
25. 2003138 - Þróunarsjóður grunnskóla - Hittum í mark - vaxandi hugarfar og markmiðssetning framhald
26. 2003137 - Þróunarsjóður grunnskóla - Allir vegir skóla-færir
27. 2003136 - Þróunarsjóður grunnskóla - Áfram hugsum við út fyrir boxið
28. 2003123 - Þróunarsjóður grunnskóla - Að innleiða skák í Sjálandsskóla
29. 2002377 - Þróunarsjóður grunnskóla - Efla líðan og sjálfstæði nemenda með aðstoð rafrænna verkfæra
30. 2002336 - Þróunarsjóður grunnskóla - Sofum betur! Bættar svefnvenjur nemenda í Garðaskóla

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**  
**21. fundur 2020**

Miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Emil Harðarson varamaður, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra og Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tólistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2005458 - Ósk starfsfólks Sjálandsskóla um tilfærslu á skipulagsdegi á skóladagatali 2020-2021**

Beiðni starfsfólks Sjálandsskóla tekin fyrir. Starfsfólk óskar eftir að færa til einn skipulagsdag annað hvort 16. september 2020 eða 25. maí 2021 yfir á 23. apríl 2021. Skólanefnd samþykkir beiðni starfsfólks enda tryggji skólinn vistun þeirra skólabarna sem óskað er eftir vistun fyrir. Mælst er til þess að færa skipulagsdaginn 25. maí 2021.

**2. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar**

Kári Jónsson kom til fundarins og kynnti nýja "Forvarnastefna Garðabæjar 2020" Forvarnarstefnan leggur áherslu á allt samfélagið og tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

**3. 2006120 - Störf skólanefndar 2019-2020 samantekt**

Störf skólanefndar 2019-2020 samantekt á störfum nefndarinnar 2019-2020 lögð fram. Formaður fór yfir samantekt á störfum nefndarinnar.

**4. 2006117 - Áherslur Skólanefndar grunnskóla 2020-2021**

Skólanefnd ræddi áherslur næsta skólaárs.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**  
**2. fundur 2020**

Þriðjudaginn 19. maí 2020 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar - Fjarfundur í Teams. Tengill á fundinn verður sendur fundarmönnum í öðrum pósti..

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson, Einar Örn Magnússon, Sigrún Gísladóttir, Sólveig Guðrún Geirsdóttir, Sveinbjörg Vilhjálmadóttir og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Einnig sat fundinn Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909211 - Niðurstaða starfsmannakönnunar.**

Skólastjóri fór yfir niðurstöður könnunarinnar. Skólanefndin lýsti yfir ánægju með jákvæða niðurstöðu.

**2. 1909211 - Skóladagatal næsta starfsárs.**

Skólastjóri fór yfir og kynnti skóladagatalið. Skólanefnd gerir engar athugasemdir við skóladagatalið.

**3. 1909211 - Skólagjöld 2020-2021.**

Skólanefnd samþykkti 3% hækkun skólagjalda. Sveinbjörg Vilhjálmadóttir lagði fram fyrirspurn um húsnæðismál tónlistarskólans og stækkun skólahúsnæðisins bæði í Kirkjulundi og á Álftanesi, sem hún telur brýnt að farið verði í. Málið verður rætt á næsta fundi nefndarinnar.

**4. 1909211 - Fyrirkomulag kennslu á tímum covid-19.**

Skólastjóri fór yfir fyrirkomulag kennslunnar sl. vikur. Kennt var í fjarkennslu til 4. maí sl. þegar skólastarf í landinu varð aftur með eðlilegum hætti. Fjölmargir fastir liðir í skólastarfinu fara ekki fram á þessu vori vegna reglna um fjöldatakmörkanir og viðmið um þá sem mega vera í skólahúsnæðinu.

**5. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

Formaður lagði fram til kynningar.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**  
**23. fundur 2020**

Miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar**  
Kári Jónsson, ípróttu- og forvarnarfulltrúi kynnti drög af forvarnarstefnu Garðabæjar 2020.
- 2. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.**  
Sunna Guðrún Sigurðardóttir verkefnastjóri stafrænnar þjónustu, kynnti stöðu starfshópsins um framgang stafrænnar þróunar og þjónustu hjá Garðabæ.
- 3. 1809224 - Stofnhjólástíganet höfuðborgarsvæðisins - Lykilleiðir hjólreiða.**  
Guðbjörg Brá kynnti niðurstöður starfshóps um verkefni og forgangsroðun þeirra vegna samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins í málaflokki hjólreiða.
- 4. 2005408 - Mengunarmælingar 2020**  
Lagt fram.
- 5. 1902106 - Umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðavatnshrauni**  
Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif lagningar golfbrauta í Urriðakotshrauni. Umsögn vísað til úrvinnslu í samráðsteymi um friðlýsingar í Garðabæ.
- 6. 2005131 - Kynning á nýrri vefsíðu**  
Lagt fram.
- 7. 1912151 - Viðbragðsáætlun um loftgæði**  
Drögin staðfesta það sem umhverfisnefnd hefur áður talið, að nauðsynlegt sé að hefja loftgæðamælingar í Garðabæ m.t.t. umferðar og álvers í nágrenninu. Umhverfisnefnd telur eðlilegt að fyrirkomulag þeirra mælinga verði með sama hætti og annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu.
- 8. 1906351 - Mávar**  
Linda Björk Jóhannsdóttir kynnti samráð og niðurstöður við Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun.
- 9. 2003144 - Hreinsunaráttak 2020**  
Linda Björk sagði frá hreinsunaráttakinu. Þrjátíu hópar tóku þátt og umhverfisnefnd vill koma fram þökkum til allra þeirra.

10. 2004136 - Tilkyning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um áhrif þjóðgarða og friðlýstra svæða á byggðapróun, dags. 08.04.2020

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 324. fundur

Föstudaginn 29. maí 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Björg Fenger sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

#### Dagskrá fundar:

1. Covid-staðan
2. Farþegatalningar 1sta ársfjórðungur 2020.
3. Aðgerðalisti vegna starfsánægjukönnunar.
4. Kynning á samgöngulíkani.
5. Eigendastefnan - útvistun.
6. Staða dómsmáls.
7. Önnur mál

#### Tekið fyrir:

##### 1. Stöðumat vegna COVID-19

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir stöðuna og áhrif Covid-19 á reksturinn. Akstur skv. samaráætlun hófst þann 18. maí sl. en farþegum hefur fjölgað hægt. Verið er að vinna, í samvinnu við starfsmenn, að því að opna framhurðina þ.a. að eðlilegt tekjuflæði komist á. Samhliða er verið að skoða hvernig unnt er að skerma vagnstjóra af.

##### 2. Farþegatalningar á 1sta ársfjórðungi 2020

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir farþegatölur fyrir fystu þrjá mánuðina. Janúar og febrúar voru með yfir 1 milljón innstiga hvor mánuður, en fjöldi innstiga í mars voru rúm 780 þús. Stærstu stoppustöðvarnar eru Hlemmur, Mjódd og Hamraborg í Kópavogi.

##### 3. Aðgerðarlisti vegna starfsánægjukönnunar

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, fór yfir aðgerðarlista í kjölfar vinnustaðagreiningar sem gerð var í febrúar 2020.

##### 4. Kynning á samgöngulíkani

Albert Skarphéðinsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti, fór yfir samgöngulíkan sem notað er til að meta áhrif ýmissa þátta við uppbyggingu Borgarlínu á umferð, farþegafjölda í almenningssamgöngum o.fl..

##### 5. Eigendastefna - útvistun

Almenn umræða um eigendastefnu Strætó og næstu skref. Ákveðið að halda áfram að ræða og skoða þessi mál innan stjórnar Strætó og framkvæmdastjóra Strætó falið að gera nánari greiningu í samræmi við umræður á fundinum.



## 6. Staða dómsmáls

---

Guðmundur Siemsen, lögfræðingur Strætó, kom á fundinn og fór yfir stöðuna og næstu skref í dómsmáli vegna forgangsröðunar í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

## 7. Önnur mál.

---

- a. Lagt fram bréf frá borgarstjórn Reykjavíkur, dagsett 8. maí, þar sem tilkynnt er að Kristín Soffía Jónsdóttir taki sæti sem varamaður í stjórn Strætó.

Fundi slitið: kl. 13:00

**Fylgiskjöl: Stöðumat vegna Covid 19,**

---

Björg Fenger

---

Hjálmar Sveinsson

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Karen Halldórsdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

428. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 02.06.2020, kl.08:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfahlöt 5 og í fjarfundi Microsoft Teams.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

### Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri. Fjarverandi voru Ágúst Bjarni Garðarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson. Gestur fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Gestur fundarins undir lið 1 var Kolbeinn Marteinson.

### Tekið fyrir:

1. Fjölmiðlaumfjöllun SORPU bs. undanfarið  
Kolbeinn Marteinson frá Athygli fer yfir umræðuna undanfarið. Málið rætt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og yfirlit fjármála  
Framkvæmdastjóri fer yfir skýrslu framkvæmdastjóra og fjármálastjóri fer yfir drög að mánaðarlegu rekstraruppgjöri félagsins. Málið rætt.
3. Af fundum með framkvæmdastjórum eigenda í viku 21  
Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fara yfir upplag fundanna og gengi þeirra. Málið rætt.
4. Staða hagræðingaraðgerða  
Framkvæmdastjóri kynnir stöðu hagræðingaraðgerða. Málið rætt.
5. Niðurstöður úr sjálfsmati stjórnar - starfsáætlun stjórnar  
Framkvæmdastjóri fer yfir niðurstöður úr sjálfsmati stjórnar. Málið rætt.  
Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri víkja af fundi kl. 09:54 á meðan málefni þeirra eru rædd.  
Starfsáætlun stjórnar, málinu frestað.
6. Önnur mál  
Engin önnur mál voru tekin fyrir.
7. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn síðar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:00



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fundargerð**  
**23. eigendafundar Sorpu bs.**  
**Fjarfundur (netfundur)**  
**Þriðjudaginn 2. júní 2020, kl. 10:00**

Mætt:

**f.h. eigenda Sorpu bs.:**

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

**frá stjórn SORPU bs.:**

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.  
Líf Magneudóttur, Reykjavík.  
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.  
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.  
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi.

Ennfremur voru á fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri Sorpu bs. Haraldur Flosi Tryggvason frá Sorpu bs., Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

**1. Drög að aðgerðaráætlun um meðhöndlun og förgun úrgangs vegna svæðisáætlunar Sorpu 2020-2035 – heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu.**

Áframhaldandi umræða frá eigendafundi 6.apríl 2020. Páll Guðjónsson verkefnastjóri fer yfir framvindu og stöðu er varðar fyrirkomulag og aðgerðir við tillögur við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Umræður.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Niðurstaða fundar:**

Eigendavettvangur er sammála um að áfram verði unnið að málinu á grundvelli framkominna upplýsinga.

Páll Guðjónsson yfirgefur fundinn.

**2. Umfjöllun um fjárhaglega endurskipulagningu Sorpu bs. og skipulagsbreytingar.**

Framhald af eigendafundi 6. apríl 2020. Birgir Björn Sigurjónsson sem situr í fjármálahópi Sorpu kynnir fyrirbyggjandi hugmyndir fjármálahóps Sorpu að fjárhagslegri endurskipulagningu Sorpu bs.

Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu kynnir skipulagsbreytingar hjá Sorpu bs.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn eigendavettvangs er sammála að unnið verði áfram og með þær hugmyndir sem fyrir liggja á vettvangi stjórnar er varðar fjárhagslega endurskipulagningu Sorpu bs.

Formaður eigendavettvangs fer af fundi 11:40 og við fundarstjórn tekur varaformaður, Gunnar Einarsson.

**3. Úttekt á stjórnun og stjórnháttum Sorpu.**

Fyrir liggur m.a. úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á stjórnarháttum og áætlanagerð í tengslum við gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. Umræða er um að stofna nefnd með þremur fulltrúum sem fjalla munu um með faglegum hætti önnur álitamál sem tengjast stjórnun og stjórnsýslu Sorpu bs. á liðnum árum.

**Niðurstaða fundar:**

Málinu er varðar fyrirkomulag vísað til stjórnar SSH.

**4. Kynning á tillögum.**

Kynning á málefnum dagskrárliða 1 og 2 fyrir borgar- og bæjarfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu.

**Niðurstaða fundar:**

Eigendafundur Sorpu bs. samþykkir að haldinn verði fundur með öllum borgar- og bæjarfulltrúum vegna málefna Sorpu í júnímánuði. Nánari tímasetning verður ákveðin síðar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:00.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.



## Stjórn SSH 498. fundur

Mánudaginn 8. júní 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð. Gunnar Einarsson tók þátt með fjarfundabúnaði en yfírgaf fundinn klukkan 13:40. Karl M. Kristjánsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Á 497. fundi stjórnar SSH hinn 18. maí 2020 voru kynnt drög að skýrslu Strategíu um skipulag og stjórnarhætti byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt umræðum um tímaramma og umfang verkefnisins.

Áframhaldandi umræða.

#### Niðurstaða fundar:

Skýrsla Strategíu verður send kjörnum fulltrúum í borgar- og bæjarráðum til kynningar.

### 2. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010

Á 496. fundi stjórnar SSH hinn 4. maí 2020 var samþykkt að senda drög að greiðsluflæði frá aðildarsveitarfélögum til samgöngusáttmálans til aðildarsveitarfélaga SSH til kynningar. Þá var framkvæmdastjóra SSH falið að útfæra greiðsluflæðið frekar ef þörf yrði á í samráði við Vegagerðina og stýrihóp um undirbúning Borgarlínu ásamt fjárhagslegri umsýslu um verkefnið. Minnisblað framkvæmdastjóra um fyrirkomulag innheimtu og greiðslna til sáttmálans lagt fram og kynnt.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Minnisblað framkvæmdastjóra um fyrirkomulag innheimtu og greiðslna til sáttmálans lagt fram og kynnt. Stjórn samþykkir að innheimta og greiðslur til samgöngusáttmálans hefjist nú.

### 3. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Fyrir liggur minnisblað um stöðu verkefna við undirbúning Borgarlínu. Hrafnkell Á Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu er gestur fundarins undir þessum lið.



Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Minnisblað verkefnastjóra Borgarlínu lagt fram og kynnt.

**4. Málafni skíðasvæðanna /málsnr. 1501005**

Gestir fundarins undir þessum lið eru Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu og Aðalsteinn Sigurþórsson frá VSÓ. Málið var áður til umræðu á 493. fundi stjórnar hinn 7. apríl sl. en þá var m.a. ákveðið að útboði yrði seinkað vegna áhrifa af Covid-19. Á fundinum nú er eftirfarandi lagt fram með vísan til fyrri umræðu:

- a) Minnisblað VSÓ ráðgjafar frá 03.06.2020. Uppfærð kostnaðaráætlun dags 18. maí 2020 – snjóframleiðsla og endurnýjun á stólalyftum.
- b) Invitation to Tender No. 14347. Purchase and installation of ski lifts for The Reykjavík Capital Area Ski-Areas.
- c) Invitation to Tender No. 14348. Purchase of snow-making system for The Reykjavík Capital Area Ski Areas.
- d) Útboð númer 14867 – Borun vinnsluholu fyrir snjóframleiðslu.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn heimilar að farið verði í útboð skv. liðum b), c) og d).

**5. Rekstur SSH 2020 / málsnr. 2006005**

Yfirlit og minnisblað framkvæmdastjóra SSH yfir fjárhagslega stöðu SSH fyrstu fjóra mánuði ársins og útkomuspá fyrir árið 2020 liggja fyrir.

Þá liggur fyrir fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2020 og yfirlit bókahaldsstöðu miðað við 30. apríl 2020.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**6. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002**

- a) Fyrir liggur minnisblað um stöðu verkefna vegna Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.
- b) Meðal áhersluverkefna í sóknaráætlun 2020–2024 er að stofna sjóð til að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði ferðaþjónustu og sjálfbærni. Fyrir liggur minnisblað um þetta verkefni auk draga að starfsreglum slíks sjóðs.



**Niðurstaða fundar:**

Afgreiðslu frestað.

- c) Á 478. fundi stjórnar SSH dags. 4. nóvember 2019 var ákveðið að bæjarstjóra Kópavogs og framkvæmdastjóra SSH væri falið að undirbúa ráðstefnu um sameiginlegt flokkunarkerfi fyrir sorp á höfuðborgarsvæðinu, en um er að ræða eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar. Tillaga er gerð um að ráðstefnan verði haldin föstudaginn 26. júní.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Bæjarstjóra Kópavogs og framkvæmdastjóra SSH falið að vinna áfram að undirbúningi ráðstefnu.

**7. Úttekt á stjórnun og stjórnarháttum Sorpu bs. / málsnr. 1911002**

Frá 23. eigendafundi Sorpu bs. dags. 2. júní 2020 var eftirfarandi vísað til stjórnar SSH: „Fyrir liggur m.a. úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á stjórnarháttum og áætlanagerð i tengslum við gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. Umræða er um að stofna nefnd með þremur fulltrúum sem fjalla munu um með faglegum hætti önnur álitamál sem tengjast stjórnun og stjórnsýslu Sorpu bs. á liðnum árum.“

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Skrifstofu SSH falið að vinna minnisblað um þær úttektir sem þegar hafa verið gerðar og hugsanleg næstu skref.

**8. Erindisbréf – rekstraráætlun Strætó bs. / málsnr. 1911002**

Á 23. eigendafundi Strætó bs. dags. 25. maí 2020 var framkvæmdastjóra SSH falið að vinna drög að erindisbréfi hóps sem hefði það verkefni að vinna að uppfærðri rekstrar- og tímaætlun Strætó bs.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Afgreiðslu frestað.

**9. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar**

G. Jónsson  
015 315  
[Handwritten signatures]





Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins hinn 8. maí 2020 lögð fram til kynningar ásamt fylgigögnum.

#### 10. Málefni Fjölsmiðjunnar /málsnr. 1501007

Undirritaður ársreikningur Fjölsmiðjunnar 2019 lagður fram til kynningar.

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð fundar stjórnar Fjölsmiðjunnar hinn 4. desember 2019.

Fundargerð fundar stjórnar Fjölsmiðjunnar hinn 10. mars 2020.

Fundargerð fundar stjórnar Fjölsmiðjunnar hinn 14. maí 2020.

Þjónustusamningur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við Fjölsmiðjuna, sem samþykktur hefur verið innan hvers sveitarfélags fyrir sig liggur fyrir til undirritunar.

Fyrirhugað er að halda aðalfund Fjölsmiðjunnar hinn 25. júní nk. kl. 15:00, (með fyrirvara um staðfestingu stjórnar á stjórnarfundi sem haldinn verður hinn 10. júní nk.). Tilnefna þarf fulltrúa SSH á þeim fundi.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Skrifað var undir þjónustusamning sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við Fjölsmiðjuna. Tveir stjórnarmanna, sem ekki voru viðstaddir fundinn, skrifa undir síðar.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH verður fulltrúi SSH á aðalfundi Fjölsmiðjunnar.

#### 11. Fundargerð stjórnar Sorpu bs.

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:

Fundargerð 426. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 20. apríl 2020.

Fundargerð 427. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 18. maí 2020.

#### 12. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 882. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 30. apríl 2020.

Fundargerð 883. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 8. maí 2020.

Fundargerð 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 20. maí 2020.

#### 13. Fundargerðir stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 557. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hinn 22. apríl 2020.

Fundargerð 558. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hinn 22. maí 2020.

#### 14. Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Lagðar fram til kynningar:

6.11.2020  
415



Fundargerð 55. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hinn 12. maí 2020.  
Fundargerð 56. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hinn 2. júní 2020.

#### 15. Rýnt til gagns – endurskoðun byggðaaáætlunar



Fyrir liggur fundarboð frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti á samráðsfund sem haldinn verður fimmtudaginn 11. júní kl. 14.00 en tilgangur fundarins er að hefja vinnu við endurskoðun á byggðaaáætlun.



**Niðurstaða fundar:**  
Lagt fram til kynningar.

#### 16. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð staðfest dags. 8. júní 2020:

  
Þorgeirur Hauðaug  


  
Arnar Ó. Ó.  


## Tillaga Garðabæjarlistans um þátttöku á Hinsegin dögum í Garðabæ

**Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Bæjarstjórn samþykkir að mála regnbogagötu eða gangstíg fyrir Hinsegin daga. Og heiðra þannig baráttu hinsegin fólks og minna okkur á fegurðina sem falin er í fjölbreytileikanum með táknrænum hætti.

Ennfremur er samþykkt að fela menningafulltrúa Garðabæjar að finna leiðir til þess að fagna fjölbreytileikanum á Hinsegin dögum sem fram fara dagana 4. - 9. ágúst nk. sem verða með óhefðbundnu sniði vegna þeirra takmarkana sem heimsfaraldurinn Covid 19 setur okkur.

### **Greinargerð**

Hinsegin dagar fara fram með óhefðbundnu sniði þetta árið líkt og aðrir viðburðir í okkar samfélagi. Að undanförunum árum hefur þróunin orðið sú að fleiri sveitarfélög vítt og breitt um landið hafa sýnt þátttöku í Hinsegin dögum áhuga og sýnt með táknrænum hætti samstöðu og þátttöku í þeirri gleði sem yfir Hinsegin dögum ríkir.

Á hinsegin dögum minnumst við og fögnum smáum sem stórum sigrum hinsegin fólks fyrir sjálfsögðum réttindum um að vera þau sjálf og hafa stuðning samfélagsins til þess að treysta sér til þess að standa með sjálfum sér.

En vekjum um leið athygli á því að baráttan er hvergi nærri alls staðar í höfn. Og um hana þarf að standa vörð í öllum samfélögum. Eftir því sem stuðningurinn við baráttuna verður meiri og sýnileiki velvildar í garð Hinsegin dagar eykst því öryggara verður hinsegin fólk í eigin skinni. Fordómana má aldrei vanmeta og því skiptir sýnileiki hvert sem við komum og hvar sem við búum gríðarlega miklu máli fyrir allt hinsegin fólk og fjölskyldur þeirra.

## Tillaga um að Garðabær geri kostnaðaráætlun við koma upp kynlausum klefum í sundlaugum bæjarins

### Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að láta kanna hvað það kostar að koma upp kynlausum klefum í sundlaugum bæjarins.

### Greinagerð

Þann 29. apríl 2016 skiluðu Samtökin '78 eftirfarandi umsögn um hugmynd af vefnum Betri Reykjavík sem snýr að því að kynlausum salernum og búningaöstöðu verði komið upp á opinberum stöðum í Reykjavík.

### “Skilgreiningar

Þegar rætt er um trans fólk í umsögn þessari ber að hafa í huga að sá hópur er fjölbreyttur og ólíkur innbyrðis. Sumt trans fólk getur og vill notast við þá búnings- og salernisaðstöðu sem hæfir þeirra kyni þ.e.a.s. körlum eða konum. Annað trans fólk kys að gera það ekki vegna óþæginda eða vegna áreitni sem það á á hættu að verða fyrir eða vegna þess að það samræmist ekki kynvitund þeirra. Hluti hópsins er kynsegin, sum sé að kyn þeirra fellur ekki að flokkunum tveimur, kona eða karl. Hluti hópsins eru konur eða karlar en tjá kyn sitt á óhefðbundinn hátt, eru t.d. með líkama sem í menningu okkar samræmast ekki kyni þeirra eða eru með óhefðbundna kyntjáningu á annan hátt. Þá fer hópur trans barna og ungmenna ört vaxandi hérlandis. Þau hafa ekki rétt á að breyta kyni eða nafni sínu í þjóðskrá. Einnig hafa þau ekki kost á skurðaðgerðum til að samræma líkama sinn og kynvitund. Þeirra kyntjáning er því líklega óhefðbundin á einhvern hátt.

### Sundlaugar

Samtökin '78 taka heilshugar undir þá röksemdafærslu sem fram kemur með hugmyndinni. Árlega fáum við fjölda fyrirspurna bæði frá íslensku fólki og ferðamönnum vegna sundstaða hérlandis og hvernig aðstaðan er fyrir fólk sem ekki fellur inn í annan flokkinn af þeim tveimur sem tvíhyggja kyns gerir almennt ráð fyrir. Svör við slíkum fyrirspurnum hafa verið nokkrum vandkvæðum bundin þar sem það er mjög misjafnt eftir sundstöðum hvernig tekið er á slíku og að auki engin fræðsla til starfsfólks sundstaða um aðstæður trans fólks og því hætta á að fólk muni þurfa í þaua að útskýra sig og sínar aðstæður. Það væri til verulegra hagsbóta að geta sagt með vissu að á öllum sundstöðum borgarinnar séu klefar sem henti fólki sem ekki fellur inn í tvíhyggju kyns og að það sé auðsótt mál að fá að nota þá án frekar útskýringa eða málalenginga.

Ekki þarf að fjölyrða um þá heilsufarsbót sem sundiðkun er. Trans fólk er í aukinni hættu á ýmsum heilsufarskvillum s.s. þunglyndi og kvíða. Það að aðgengi þeirra að sundstöðum sé skert getur því aukið enn á þennan vanda.

Þá má einnig nefna að mikil aukning er nú á fjölda trans barna og unglunga en sú þróun á sér stað um öll vesturlönd um þessar mundir og stafar af aukinni umræðu og auknum réttindum trans fólks í þessum löndum. Trans börn og ungmenni, eins og önnur börn og ungmenni, eru skólaskyld og meðal annars skyld til að taka þátt í sundkennslu. Það að ekki séu til klefar við hæfi fyrir hluta þessa hóps en að hann sé á sama tíma skyldaður til að taka þátt í sundi er því algjörlega óviðunandi.”

Til bæjarstjórnar

**Efni: Tillaga um að veita bæjarráði umboð til að taka til meðferðar athugasemdir við kjörskrá**

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði umboð til að taka til meðferðar athugasemdir við kjörskrá vegna kjörs forseta Íslands sem fram eiga að fara 27. júní 2020 og gera viðeigandi leiðréttingar á henni samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

**Efni: Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2020.**

Með vísan til 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 8. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 20. ágúst 2020. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bæjarfulltrúum 18. ágúst 2020.

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.